



Um tengiliði og hringrás opinberra fjármála

Skipulag og hlutverk tengiliða

Aðaltengiliður er sá sem hefur yfirgripsmikla þekkingu á málefnum viðkomandi stofnunar /samtaka/einkaaðila/sjóða/nefnda o.fl.

Varatengiliður hefur yfirsýn yfir framkvæmd fjárlaga, samninga og eftirfylgni ásamt almennum úrlausnarefnum í tengslum við rekstur og fjárfestingar.


Hlutverk og verkefni tengiliða

- Annast almenn samskipti HVIN við stofnun og skrá mikilvæg samskipti með formlegum hætti í Örkina.
- Svarar fyrirspurnum er tengjast málefnum stofnunar eða koma þeim í réttan farveg innan HVIN.
- Fylgist með starfsemi stofnunar og vekja athygli á frávikum og/eða einstökum viðfangsefnum stofnunar eins og þörf er á m.a. með gerð minnisblaða og á skrifstofufundum.
- Skipuleggur og undirbýr samráðsfundi með fulltrúum stofnunar vegna stefnumótunar, fjármála og eftirfylgni.
- Hefur eftirlit með vöktunatriðum samnings við einkaaðila, kallar eftir gögnum í samræmi við hann og ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd úttekta áður en kemur til endurnýjunar samnings. Fylgir eftir ákvæðum fjárveitingabréfs til ríkisaðila um skil ársreiknings, ársskýrslu, almennra upplýsinga og gagna, úttekta og fl.
- Fylgir eftir og leiðbeinir um gerð stefnuskjala stofnana og kemur í afgreiðsluferil innan HVIN.
- Fylgir eftir skilum stofnunar á fjárhagsupplýsingum í Akra kerfið og þar til gögn eru yfirfærð í Orra.
- Yfirfer og undirritar fjárveitingabréf stofnunar sem hefur verið undirbúið af LOF-teymi og kemur til skrifstofustjóra til afgreiðslu
- Heldur um erindi stofnunar er varða fjármál og fjárveitingar og vinnur þau með LOF-teymi.
- Kemur að vinnslu erinda stofnunarinnar er varða húsnæðis- og viðhaldsmál.
- Undirbýr og leggur til efni í stjórnendasamtal ráðuneytisstjóra/skrifstofustjóra við forstöðumann stofnunar.
- Undirbýr umsögn skrifstofu þegar kemur að lokum skipunartíma forstöðumanns.


Tengiliður skal ávallt upplýstur um stefnumarkandi ákvarðanir HVIN er tengjast með beinum hætti viðkomandi stofnun, t.d. með því að hafa netfang tengiliðs í cc reit.

Bakland tengiliðar eru aðrir sérfræðingar HVIN eftir því sem við á.

Hringrás opinberra fjármála - Fjárlagahringurinn



Hringrás
opinberra
fjármála



Hringrás
opinberra
fjármála
Tímaröð